

**Mál nr. 6/2012**  
**Haukar**  
**gegn**  
**Fjölur**

**Kæra frá Haukum**

**Dómkröfur**

Haukum verði dæmdur 3-0 sigur.

**Málavextir**

Fjölur er með 2 lið í móti bæði A – lið , annað er í B1 –riðlinum en hitt í B3 –riðlinum. Fjölur notaði 4 leikmenn , sem voru í byrjunarliði Fjölnis 1 í leiknum á föstudeginum, í leik við okkur sem leikmenn í Fjölni 2 í leik á sunnudegi. :

**Tilvísun**

Reglugerð númer 34.1.5. hljómar á eftirfarandi hátt : þegar félag er með tvö A lið í móti gildir : Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrir en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir.

**Röksemdir**

Við förum fram á að Haukum verði dæmdur sigur í leiknum á þeim forsendum að Fjölur notaði 5 ólöglega leikmenn samkvæmt reglugerð 34.1.5.

Eftirtaldir leikmenn spiluðu með báðum liðum : Kristjana Finnsdóttir, Ásta Vigdís Guðlaugsdóttir, Tanja Líf Davíðsdóttir, Hrönn Kristín Angantýsdóttir og Alexandra Bjarkadóttir.

**Sönnunargögn:**

Hérna með fylgja ljósrit af leikskýrslum, bæði frá leik Þróttur – Fjölur 1 sem fór fram föstudaginn 24.ágúst og er leikur í B1 – riðlinum.. Einnig er skýrsla úr leik Hauka – Fjölnis 2 sem fram fór sunnudaginn 26.ágúst en þau lið eru í B3 – riðlinum.

Virðingarfyllst f.h. Fjölnis

Dúfa Ásbjörnsdóttir þjálfari 3.fl kvenna hjá Haukum.

## **Greinargerð frá Fjölnir**

Þessar fimm voru að spila með A liði Fjölnis á móti Þrótti R á föstudegi vegna þess að aðrar fjórar voru að spila með mfl kvenna uppí á Skaga.

Við gerðum hér ákveðin mistök sem fólust í því að nota stelpurnar úr Þróttaraleiknum en ekki stelpurnar sem voru að spila uppá skaga, töldum að þetta væri sanngjarnara, þar sem við eigum ekki fleiri stelpur til að spila og hefðum að öðrum kosti þurft gefa leikinn.

Við gerum því ekki athugasemd við þessa kæru, biðjumst afsökunar á þessum mistökum.

Virðingarfyllst

f.h. Fjölnis

Guðmundur

Daníel Jóhannsson

## **Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ**

Ár 2012, þriðjudaginn 25. september, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Presti Ríkharðssyni, Gunnari Guðmundssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 6/2012:

Knattspyrnufélagið Haukar, kt. 600169-0419

gegn

Ungmennafélaginu Fjölni, kt. 631288-7589

Gögn málsins merkt nr. 1-5 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

### **ÚRSKURÐUR:**

#### **I.**

Kærandi:

Knattspyrnufélagið Haukar,

kt. 600169-0419

Ásvellir, Hafnarfirði

Fyrirsvarsmaður: Jón Björn Skúlason

Kærði:

Ungmennafélagið Fjölnir,

kt. 631288-7589

Fossaleyni 1, Reykjavík

Fyrirsvarsmaður: Kristján Einarsson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 4. september sl. Kærða var gefinn kostur á að skila greinargerð með bréfi dags. sama dag og bærust svör frá kærða þann 5. og 10. september.

## **Kröfur:**

Kröfur kæranda eru að Haukum/Álftanesi verði dæmdur 3-0 sigur í leik liðanna er fram fór þann 26. ágúst 2012 í Íslandsmóti kvenna, 3. flokki., B3.

## **II.**

### **Málsatvik og ágreiningsefni:**

Kærandi lýsir málavöxtum svo að Fjölnir í 3. flokki kvenna hafi notað ólöglega leikmenn í leik liðanna í Íslandsmóti í riðli B3. Nánar tiltekið hafi Fjölnir í mótinu tvö A-lið er leiki í riðli B1 og B3. Þá hafi fjórir tilgreindir leikmenn leikið með liði Fjölnis 1 í riðli B1 á föstudeginum 24. ágúst 2012 jafnframt leikið með liði Fjölnis 2 á móti kæranda í riðli B3 á sunnudeginum 26. ágúst 2012.

Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til gr. 34.1.5 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er fjallar um 3. flokk kvenna.

Kærði hefur í svari til KSÍ gengist við því að brotið hafi verið gegn framangreindri reglu.

## **III.**

### **Niðurstaða:**

Í máli þessu hefur Knattspyrnufélagið Haukar kært Ungmennafélagið Fjölni fyrir að nota ólöglega leikmenn í Íslandsmóti kvenna í 3. flokki kvenna. Felst í því að kærandi telur Ungmennafélagið Fjölni hafa verið með ólöglega skipað lið í tilteknum leik, sbr. gr. 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Ljóst er af fyrirliggjandi gögnum að fimm tilgreindir leikmenn kærða spiluðu leik með Fjölni 1 á Íslandsmóti kvenna í 3. flokki B1 þann 24. ágúst 2012 og aftur þann með liði Fjölnis 2 í 3. Flokki kvenna B3 á sama móti þann 26. ágúst 2012 án þess að lið Fjölnis 2 léki annan leik þar á milli. Fer það gegn grein 34.1.5 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og telst lið Fjölnis 2 í umræddum leik því hafa verið ólöglega skipað, sbr. gr. 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Ber skv. þessu að taka kröfur kæranda til greina og skulu úrslit í leik Hauka gegn Fjölni í Íslandsmóti kvenna, 3. flokki, sem fram fór þann 26. ágúst 2012 breytt og hann dæmdur tapður fyrir Fjölni með markatölunni 3-0.

Skylt er samkvæmt gr. 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, að dæma kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 5.000,- í sekt til KSÍ.

#### IV.

##### Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt grein 14.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

#### V.

##### Úrskurðarorð:

Skal úrslitum í leik Hauka gegn Fjölni í 3. flokki kvenna B3, Íslandsmóti, sem fram fór þann 26. ágúst 2012 á Schenkervellinum breytt og skal leikurinn dæmdur tapaður fyrir Fjölni með markatölunni 3-0.

Kærða, Ungmennafélaginu Fjölni, ber að greiða kr. 5.000 í sekt til KSÍ.

---

Þróstur Ríkharðsson

---

Gunnar Guðmundsson

---

Helgi R. Magnússon